


Umhverfisstofnun
Áb. <u>GE</u>
<b>22 NOV. 2005</b>
<b>40</b>

Tilv **UST20051100071**

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**

Environment and Energy Agency of Iceland

• Suðurhlélandsbraut 24  
109 Reykjavík, Iceland

t. +354 591 2000  
Fax: +354 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
<http://www.umhverfisstofnun.is>

Reykjavík, 18. nóvember 2005  
Tilvísun: UST20051100071/ge

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.**

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. okt. 2005, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, en bendir á eftirfarandi atriði. Samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald verður lagt úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti frá og með 1. janúar n.k. Mikilvægt er að skilgreining á umbúðum í lögunum sé ítarleg og skýr. Núverandi skilgreining, sbr 7. tl. 2. gr. laganna, byggir á tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang. Í tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 2004/12/EB, frá 11 febrúar 2004, um breytingu á tilskipun 94/62/EB, eru sett viðmið í skilgreiningu á umbúðum til að hún sé skýrari og birt eru dæmi. Umhverfisstofnun telur að þar sem verið er að breyta lögum um úrvinnslugjald, eigi að taka upp ítarlegri skilgreiningu á umbúðum einnig í ljósi þess að tilskipun 2004/12/EB er hluti af EES-samningnum samanber tl. 7, XVII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005, þann 12. mars 2005.

Virðingarfyllst

Davíð Egilson  
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður  
stjórnsýslusviðs